# HÁDEGISMÓAR - BREYTING Á DEILISKIPULAGI HÁDEGISMÓA 6

# STAÐGREINIR: 4.411.4




0.0 GILDANDI DEILISKIPULAG FYRIR HÁDEGISMÓA 6 1:1000

**Gildandi deiliskipulag:**

Deiliskipulagið nær til lóðar 1-3 og 6-10 við Hádegismóa í Reykjavík. Síðasta breyting var samþykkt og auglýst í B-deild Stjórnartíðinda 2. nóvember 2016 og fól í sér stækkun á byggingarreit til suðurs um 4 metra.




0.1 TILLAGA AÐ BREYTTU SKIPULAGI 1:1000

**Breyting á deiliskipulagi - TILLAGA:**

Deiliskipulagsbreyting þessi fyrir lóðina við Hádegismóa 6 sem er 12.007m² að stærð með einum byggingarreit, felur í sér eftirfarandi breytingar:

1. Stækkun lóðar um 629,9m² með tilfærslu austurlóðarmarka í sveig með endapunkta á norðausturhorni lóðar og 66,97m í suður frá norðausturhorni lóðarinnar, með útfærslu um 13,66m til austurs miðjavega frá þessum punktum. Samsvarandi minnkun lóðarinnar mun eiga sér stað við suðausturhorn lóðarinnar sem verður skorið af lóðinni á punktum 37,40m í norður og 33,80m í vestur frá suðausturhorni lóðarinnar sem skilgreinir þríhyrnt svæði 629,9m² að stærð.
2. Tilfærsla á lóðarmörkum að aðalgötu um 3,00m inn í lóðina vegna áætlaðs hjólastígs sem tekur 148,8m² af lóðinni. 2,66m breiðri ræmu bætt við ofangreindan sveig með sömu innri endapunkta og ytri endapunkta: 13,39m í framhaldi af norðausturlóðarmörkum og 17,88m í framhaldi af suðausturlóðarmörkum, sem afmarkar bogadregið svæði 148,8m² að flatarmáli.
3. Reiðstígur austanmegin við lóðina mun hliðrast og liggja í sveig 3,00m frá bogadregnum lóðarmörkum og tengjast núverandi reiðstíg í sveig 16,64m frá núverandi suðausturhorni lóðarinnar.

Vinna við tilfærslu reiðstígs og frágangur:

- Áður en vinna við tilfærslu stígsins hefst verða valdar trjáplöntur teknar upp með rótum og plantað á svæði sem skilgreint er sem minnkun lóðarinnar.
- Eftir að mælt hefur verið fyrir nýrri legu stígsins verður garfið fyrir 60cm djúpu lagi af grús fyllingu með 1-22mm mulningi.
- Frágangur stígsins verður með sama hætti og núverandi stígs með vatnshalla til austurs.
- Öxl stígsins verður 2m frá breyttum lóðarmörkum.

Frágangur lóðar:

- 1,8m há öryggisgirðing verður reist við lóðarmörk, a.m.k. 3m frá reiðstíg (2m frá öxl reiðstígs).
- Hæðarmunur milli lóðarmarka í austri og lóðar verður leystur með byggingu hlaðins stoðveggs a.m.k. 1m frá lóðarmörkum.
- Ráðgert er að nota tilbúnar hleðslueiningar við byggingu stoðveggsins.
- 50cm breiður og 12cm hár kanntur verður byggður milli bílastæðisins og stoðveggsins.
- Gerð hjólastígs og frágangur breyttra lóðarmarka við aðalgötu á vegum og kostnað Reykjavíkurborgar.



Hluti Aðalskipulags Reykjavíkur 2040

## SKÝRINGAR

- AFMÖRKUN DEILISKIPULAGS
- MÖRK DEILISKIPULAGSBREYTINGA
- LÓÐARMÖRK
- BYGGINGARLÍNUR / BYGGINGARREITUR
- ÞJÓNUSTUHÚSNÆÐI
- VERSLUNARHÚSNÆÐI
- NÚVERANDI HÚS INNAN DEILISKIPULAGS
- KVAÐIR UM JARÐSTRENG
- KVAÐIR UM VATNSLÖGN Í JÖRÐU
- KVÖÐ UM SAMEIGINLEGA INNKEYRSLU (milli Hádegismóa 6 og 8)
- REIÐSTÍGAR
- GÖNGUSTÍGAR
- BÍLASTÆÐI
- INN- OG ÚTKEYRSLUR
- GRÓÐUR (kvöð um gróður meðfram Hádegismóum)
- GRÓÐUR (leiðbeinandi gróðuruppbygging á lóðum)
- SPENNISTÖÐ ORKUVEITU REYKJAVÍKUR
- LÓÐARSTÆKKUN
- LÓÐARMINNKUN
- MINNKUN LÓÐAR VEGNA HJÓLASTÍGS
- STÆKKUN LÓÐAR VEGNA HJÓLASTÍGS

**Samþykktir:**

Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í borgarráði þann 28. ágúst 2025 og á emb.afgr.f. skipul.f. þann 28. október 2025.

Tillagan var auglýst frá 4. september 2025 með athugasemdafresti til 16. október 2025.

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann 20. febrúar 2026.

REYKJAVÍKURBORG SKIPULAGSFULLTRÚI

Breyting á deiliskipulagi Hádegismóa 6

Stgr. 4.411.4

Uppdráttur 1 af 1

Blaðstærð: A2

Dags: 1. september 2025

ZEPPELIN ARKITEKTAR

Orri Árnason FAÍ Kt: 080864-5749 - www.zeppelin.is - tel 5533640 - zeppelin@zeppelin.is